

## Skólaráðsfundur 20. október 2015

Fundinn sátu fulltrúar nýskipaðs skólaráðs: Sólveig B. Fjólmundsdóttir, Guðmundur Helgi Loftsson, Þorsteinn Guðmundsson, P. Sandra Magnúsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, Alexandra Ósk Guðjónsdóttir, Kristey Rut Konráðsdóttir, Óskar Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Rætt um fundartíma. Ákveðið að næsti fundur skólaráðs verði miðvikudaginn 11. nóvember kl. 12:00. Þá verður sett niður starfsáætlun skólaráðs. Skólastjórnendur gera tillögu að starfsáætlun sem send verður út með næsta fundarboði.
2. Sameiginlegur fundur stjórnar foreldrafélags, nemendafélags og skólaráðs kynntur, en hann verður haldinn þriðjudaginn 27. október kl. 17:00.
3. Önnur mál.
  - Árskóladagurinn kynntur.
  - Rætt um öryggishlið sem tekið var niður við framkvæmdir við innkeyrslu fyrir skólabíl. Það hefur ekki enn verið sett upp nýtt hlið og telja fulltrúar í skólaráði nauðsynlegt að setja upp grindverk eða hlið við innkeyrsluna af öryggisástæðum. Ákveðið að óska eftir fundi með Indriða Þór Einarssyni sviðsstjóra til að ræða öryggismál á skólasvæðinu. Skólaráð telur bílaplanið við skólann einnig vera hættusvæði fyrir nemendur seinni part dags þegar þeir fara á íþróttæfingar. Bílaplanið er ófrágengið og lýsing ófullnægjandi.
  - Umræða um leiktækin sem skólinn á og eru enn í geymslu hjá sveitarfélaginu. Skólastjóri upplýsti að hönnun lóðar og framkvæmdir við leiksvæði hanga saman við fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir við skólann.
  - Rætt um að senda ályktun frá skólaráði um A-álm, en fundarmenn eru sammála um að það sé verulega aðkallandi að laga álmuna.
  - Umræða um mötuneyti skólans, saltnotkun o.fl. Mikil ánægja með salatbarinn.